

Landnám fyrr og nú

Ísland var síðasta land í Evrópu sem fólk kom til. Fyrir 1200 árum bjó ekkert fólk hér, það var bara gróður og dýr og fuglar.

Þá voru hér til dæmis rostungar



Rostungur



Orðið *landnám* merkir „að setjast að í landi þar sem enginn bjó áður“ Það merkir eiginlega líka „að taka sér land til að búa á“.

Fyrstu landnámsmennirnir komu með skipum frá Noregi til Íslands kringum árið 870.

Landnámsmennirnir þurftu að byggja sér hús. Íbúðarhúsin voru kölluð skálar. Þau voru byggð úr torfi og grjóti. Í fyrstu húsunum var eitt stórt herbergi þar sem allir unnu, borðuðu og sváfu. Í miðju herberginu brann eldur á gólfinu. Hann kallaðist langeldur. Það voru ekki gluggar á skálunum, það var ekki til neitt gler í rúður.

*Svona gætu húsin hafa verið.
Eiríksstaðir í Haukadal*





Þetta er tilgáta um hvernig var inni í skálanum.

Árið 2001 fannst rúst af landnámsskála við fornleifauppgröft í Reykjavík. Hún var ótrúlega vel varðveitt og það var ákveðið að gera sýningu um landnámstíminn í kringum rústina.



Langeldurinn í skálanum



Geirfugl

Landnámsmenn þurftu að veiða dýr og fugla til að borða. Þeir veiddu til dæmis svona fugl sem hét Geirfugl. Geirfuglar eru ekki til lengur, þeir voru allir drepnir



Þetta eru bein úr Geirfugli sem fundust í ruslahaug frá landnámsöld



Hluti af snældu til að spinna ull

Öll föt þurfti að búa til úr ull af kindum. Ekkert var hægt að kaupa í búð.



Kannski er þetta brotin nál



Öxi úr járni

Landnáms- menn þurftu að smíða úr járni ýmislegt sem þeir þurftu að nota. Rúst af járnsmiðju fannst í Suðurgötu, rétt hjá Aðalstræti.



Brotinn lykill úr járni



Nagli úr tré

Margt þurfti líka að smíða úr tré



Brúða sem einhver bjó til handa barni á landnámsöld